

1870.

24. febrúar.

18. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um nýja presta-handbók.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast allramildilegast að fallast á, með úrskurði 19. þ. m., að sú presta-handbók, sem að tilhlutun yðar, háæruverðugi herra, er endurskoðuð og útgefin í Reykjavík í fyrra, og kölluð: „Handbók fyrir presta á Íslandi. Endurskoðuð í Reykjavík, 1869“, megi verða höfð við guðsþjónustugjörð og önnur kennimannleg embættisverk á Íslandi, og að hver kirkja í landinu megi kaupa sér eitt exemplar af henni handa prestinum.

Þetta skal yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og svo þér gjörð ráðstafanir þær, sem með þarf.

26. febrúar.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að verja öðruvísi fé því, sem hefir verið haft til frævakaupa til útbýtingar á Íslandi.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað nokkrar umkvartanir yfir því, að garðfræ það, sem stjórnin lét senda til suðurumdæmisins til útbýtingar milli landsmanna árið 1868, hafi reynzt illa, hafið þér látið í ljósi, að umkvartanir þessar sé ástæðulausar, og að þó garðyrkja á því ári hafi mistekizt í suðurumdæminu, sé það fremur því að kenna, að landsmenn leggi litla rækt við garðyrkju, en því, að fræið sé ónýtt; en í bréfi yðar, dagsettu 30. septbrm. 1868, hafið þér eigi að síður álitid rétt, að bera það upp við stjórnarráðið, hvort ekki væri ástæða til að hugleiða, hvort eigi mætti verja betur en hingað til þeim 300 rd., sem árlega hafa verið veittir til þess að bæta og efla garðyrkju á Íslandi, þar sem útbýtingin af garðfræi milli landsmanna ekki gjörði neitt verulegt gagn, og landsmönnum ekki þætti það þakkarvert að fá fræið, og hafið þér jafnframt stungið